



13. maí. 2014 kl 19.30

Aðalfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Við höldum Aðalfund í sal skólans.

Dagskrá fundarins:

- Venjuleg aðalfundarstörf:
- yfirlit og samþykkt ársreiknings
- Yfirlit yfir störf foreldrafélagsins sl. vetur

Önnur mál:

- kynning á hlutverki foreldrafélagsins og hlutverki bekkjarfulltrúa
- kynning á Samtaka
- opnar umræður.

Að loknum hefðbundnum störfum, tóku við fjörugar og skemmtilegar umræður um eitt og annað sem tengist félaginu. Við ræddum ýmislegt sem tengist Bekkjarfulltrúum og hvernig við gætum virkjað þá betur. Að tillögu formanns verður einn stjórnarmaður settur yfir Bekkjarfulltrúana og mun fylgjast sérstaklega með þeim, hvetja þá til dáða og vera þeim til halds og trausts.

Við ræddum um Haust/vor-hátíð og hvaða form við gætum haft, sem næði til sem flestra. Það er í skoðun. Ákveðið var að stofna Facebook hóp fyrir foreldra í Giljaskóla. Það verður gert í haust. Við verðum með átak í haust varðandi hjálmanotkun á hjólum og hlaupahjólum. ENGINN HJÁLMUR – EKKERT HJÓL, verður lykilsetning í því.. Ýmislegt fleira var rætt og hefur stjórnin fullt af verkefnum sem byrja strax haust.

Helena Guðmundsdóttir yfirgefur okkur í stjórninni og þökkum við henni góð störf.

Sigríður Ásta Hauksdóttir og Berglind Bergvinsdóttir koma nýjar inn og bjóðum við þær velkomnar.

Stjórnin skiptir með sér verkum sem hér segir:

Formaður: Ellert Guðmundsson

Gjaldkeri: Guðbjörg Björnsdóttir

Ritari: Berglind Bergvinsdóttir

Meðstjórnendur: Berglind Ása Pedersen, Elín Eyjólfsdóttir og Sigríður Ásta Hauksdóttir.

Tengiliðir við SAMTAKA (Samtök foreldrafélaga á Akureyri): Ellert Guðmundsson og Berglind Ása Pedersen.

Fulltrúi í skólaráði: Elín Eyjólfsdóttir

Yfirumsjón með Bekkjarfulltrúum: Sigríður Ásta Hauksdóttir

Fundarritari: Ellert Guðmundsson